

# Málþing um menntun fyrir alla 24. ágúst 2017

Helstu áherslur úr málstofum

## *Hvaða skilning leggja þátttakendur í hugtakið menntun án aðgreiningar?*

- Hugtakið menntun fyrir alla tekur til þess að öll kerfi sem að barninu/unglingnum komi tali saman og séu samstíga.
- Endurskoða námsmat og kennsluaðferðir í takt við hugmyndafræðina.
- Úthlutun fjármagns býr til aðgreiningu.
- Mismunum gæti verið fólgin í aldursskiptingu spurning um breytt fyrirkomulag.
- **Niðurstaða: Þetta er leið til að byggja upp skóla fyrir alla nemendur, veita öllum menntun við hæfi og er um leið grundvöllur fyrir mótun menntakerfis og samfélags.**

## *Hvernig er hægt að ná fram sameiginlegum skilningi allra sem koma að menntun barna og ungmenna og þjónustu við þau, á hugtakinu?*

- **Fyrst og fremst með samtali og símenntun innan allra kerfa og alls samfélagsins.**
- Skapa þarf skilning milli allra fagstétta. Þetta snýst um viðhorf og að hafa trú á nemendum.
- **Miklar væntingar um áframhaldandi samræðu ráðuneyta.**
- Greiningar verði ekki grundvöllur úthlutunar. Fjármagnið inn í skólana.
- Fleiri fagstéttir inn í skólana

***Hvernig er hægt að formgera og samhæfa stefnumótun ríkis og sveitarfélaga sem miðast við að allir nemendur njóti menntunar án aðgreiningar?***

- Samtal milli ríkis/sveitarfélaga/skóla við að koma stefnunni á koppinn. Vantar samvinnu milli ráðuneyta til að allir séu skuldbundnir því að koma til móts við nemendur.
- Ráðuneytið setji sterka stefnumótun og leiðir til útfærslu þar sem er skýr rammi til að vinna eftir (sbr. lestrarstefnan MMS).
- Grunnþjónusta á að vera skilgreind í fjárhagsáætlun sveitarfélaga og tryggja þarf nægt fjármagn.

## *Hvernig er hægt að tryggja að allir skólar og sveitarfélög setji sér stefnu?*

- Heildarstefna yfirvalda um „skóla fyrir alla“ sé skýr svo sveitarfélög og skólar geti mótað sér stefnu undir þeim hatti.
- Eftirlit og skuldbinding.
- Margir skólar með góða stefnu en starfsfólk virðist ekki alltaf vera skuldbundið til að vinna eftir henni.

## *Hvernig þarf framkvæmd stefnunnar að birtast nemendum og fjölskyldum þeirra?*

- Hún þarf að vera raunveruleg og birtast í starfinu
- Upplifun þeirra sé að mannréttindi séu í heiðri höfð og og vilji til að taka á móti nemendum og finna lausnir
- Mjög mikilvægur þáttur að þrjú ráðuneyti eru nú að tengjast betur saman um þjónustu við börn.

*Hvernig geta skólar og sveitarfélög útfært skilgreind  
viðmið um framkvæmd stefnu um menntun án  
aðgreiningar, verklag og ferla, mat og eftirfylgni?*

- Lykilatriði að Menntamálastofnun eða ráðuneyti setji fram gæðamat fyrir störfun og árangur.
- Þarf að setja markmið og mælikvarða hvort verið sé að ná þeim. Sveitarfélögin þurfa að setja sér stefnu um símenntun.

## *Hvaða ráðgjöf og stuðning þurfa skólar til að fylgja stefnu um menntun án aðgreiningar?*

- Þörf á að skilgreina hvaða þjargir vantar.
- Skólinn þarf að vera með í því.
- Vantar kerfi til að meta árangur.
- Umræða um gæðakerfi sem sveitarfélög ættu að vera með.



# *Hvernig þarf framkvæmd stefnunnar að birtast nemendum og fjölskyldum þeirra?*

- Í framkvæmdinni

## *Hvernig þarf að styðja við og skapa aðstæður til að hægt sé að innleiða starfshætti lærdómssamfélags í öllum skólum?*

- **Starfsþróun er lykilatriði í lærdómssamfélagi, fræðsla og endurmenntun allra í skólasamfélaginu**
- Menntun stjórnenda þarf að miða að því að þeir verði faglegir leiðtogar í þróun lærdómssamfélags
- Ígrundun á eigin starfi, hafa öll skólastigin sama tíma til slíkrar vinnu.
- Samtal þarf að vera á milli skólastiga.

## *Hvernig er hægt að efla þróunarstarf í skólum, milli skóla og milli skólastiga til að byggja upp lærdómssamfélag án aðgreiningar?*

- Byggja upp lærdómssamfélag skólanna, milli allra skólastiga leik- grunn- og framhaldsskóla með teymisvinnu og samstarfi stjórnenda.
- Hafa sameiginlega starfsdaga.
- Búa til Lærdómsvettvang á Netinu.

## *Hvert er hlutverk nemenda og fjölskyldna þeirra í lærdómssamfélagi?*

- Nemendur setji sér markmið með foreldrum og kennara, séu þátttakendur og gerendur í eigin námi.
- Gefa þarf foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barnanna, út frá markmiðum, þar sem staða barnanna er skoðuð og samtal haft við foreldra með gagnkvæmri hlustun.

*Hvers konar breytingar er mikilvægast að gera á núverandi fjárveitingareglum til að auka jafnræði nemenda og ná settri stefnu um menntun án aðgreiningar á öllum skólastigum?*

- Úthlutun þarf að byggja á almennu fjármagni, út frá þörfum og aðstæðum nemenda ekki bara á greiningu.
- Úthlutun byggji á faglegu mati starfsfólks og sérfræðinga innan skólans.
- **Núverandi úthlutunar reglur auka ekki jafnræði**
- **Hætta að láta greiningar ráða eingöngu og úthluta fé beint til sveitarfélaga.**
- **Auka ráðgjöf til skólanna.**

## *Hvaða stuðningskerfi ( skólaskrifstofur, Þjónustumiðstöðvar, landsmiðstöðvar) þurfa að vera til staðar til að styðja við menntun án aðgreiningar?*

- Sérþekkingarbatteríin (BUGL, GRR, HTÍ, Þjónustumiðstöð blindra og sjónskertra o.s.frv.) þurfa að vera aðgengileg en fagfólk og sérfræðingar á staðnum.
- Þjónustan fari fram innan skólans, ekki taka nemendur út og senda á þjónustumiðstöð.
- Geðheilbrigðisþjónusta við nem. í grunn- og frh.skólum þarf að verða miklu betri.
- Snemmtæk íhlutun mikilvæg.
- Öflugt stuðningskerfi fyrir fjölskylduna sjálfa.
- **Samvinna ráðuneyta skilyrði. Þarf að vera ljóst hvaða þjónusta er í boði frá hvaða aðila á hverjum tíma.**

# *Í hverju felst lágmarksstuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra til að vinna að jafnrétti til náms á öllum skólasigum?*

- Lágmarksstuðningur er að verið sé að beita gagnreyndum aðferðum og fylgjast með framförum og beita snemmtækri íhlutun og aðgengi sé að fagaðilum í skólanum (sem koma á staðinn).

# *Hvers konar menntun og fagleg starfsþróun er nauðsynleg til að uppfylla stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar á öllum skólastigum?*

- Kennaranámið – þarf að vera meiri kennslufræði þar sem fjallað er um fjölbreyttar leiðir til kennslu.
- Háskólakennararnir þurfa að fara á vettvang og fylgja kennaranemum eftir í þeirra verkefnum úti á vettvang.
- Kandidatsár
- Faglegri starfsþróun eftir að grunnáminu lýkur þarf að sinna.
- Hætta að hugsa um menntun eða skóla án aðgreiningar sem sérstakt viðfangsefni í náminu heldur ætti stefnan að vera hluti af öllu námi.



***Hvernig er hægt að efla starfsþróun alls starfsfólks til að bregðast við fjölbreyttum nemendahópi á jákvæðan hátt?***

- Mikilvægt að greina aðstæður á hverjum stað þannig að hægt sé að koma til móts við raunverulegar þarfir í hverjum skóla/nemendahóp/sveitarfélagi/hverfi í borginni.

***Hvernig stoðkerfi (menntun, ráðgjöf, þjálfun) þurfa að vera til staðar svo skólastjórnendur og kennarar á öllum skólastigum geti innleitt og þróað stefnu um menntun án aðgreiningar?***

- Skólastjórnendur þurfa að geta sótt í ráðgjöf.
- Gera verður þá kröfu að allir sem koma að námi nemenda hafi einhvern kennslufræðilegan (uppeldis) grunn.
- Skólastjórnendur þurfa fleiri fólk og aðrar starfsstéttir s.s. iðjubjálfa og þroskabjálfa inn í skólana, til að láta þetta ganga upp.
- Skólastjórnendur þurfa að geta sótt í ráðgjöf.
- Ráðgjöf inn á gólf og leiðsögn og eftirfylgni. Kennarar séu með í ráðum þegar stuðningur sé skipulagður.

